

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1213/2013, um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2014.

1. gr.

2. ml. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Við veiðar í lögsögu Færeyja, Noregs og Jan Mayen skal farið að reglum sem stjórnvöld í viðkomandi landi setja um veiðarnar.

2. gr.

2. ml. 4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Um tilkynningar varðandi veiðar innan lögsögu Færeyja og Noregs fer samkvæmt reglum hlutaðeigandi stjórnvalda.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávarafla og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 15. apríl 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.